

## 21. Mannréttindi auglýst

Kynnum mannréttindi fyrir umheiminum!



<b>Málafni</b>	Almenn mannréttindi sem laga má að hvaða þema sem er, fjölmiðlar og netið
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 3
<b>Aldur</b>	10–13 ára
<b>Tími</b>	120–180 mínútur
<b>Hópstærð</b>	4–24 börn
<b>Tegund verkefnis</b>	Sögd er saga, teiknað og skrifað
<b>Yfirlit</b>	Börnin búa til sjónvarpsauglýsingu um mannréttindi barna
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að stuðla að því að litni sé á auglýsingar og fjölmiðla á gagnrýnn hátt</li> <li>• Að þjálfa færni í skapandi hugsun og samskiptum</li> <li>• Að móta hugmyndir um hvernig kynna megi mannréttindi barna</li> <li>• Að auka skilning á mannréttindum</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	• Gott væri að útvega upptökuvél til að taka upp auglýsingar, ef hægt er
<b>Efniviður</b>	• Pappír og skraut

### Leiðbeiningar

1. Skiptu börnunum í þriggja til fjögurra manna hópa. Segðu þeim að hópurinn þeirra hafi verið beðinn að auglýsa mannréttindi barna. Og þau eigi að búa til sjónvarpsauglýsingu, einnar til þriggja mínútna langa, sem fær fólk til að átta sig á og/eða skilja hvað felst í slíkum réttindum.
2. Segðu börnunum að lýsa einhverjum sjónvarpsauglýsingum sem þeim hafa þótt athyglisverðar og nefna ýmsar hugmyndir um hvað einkenni góða auglýsingu (t.d. sniðug slagorð, leikhljóð, tónlist, brandarar, alvarleg skilaboð).
3. Ræddu um þá sem koma til með að horfa á auglýsinguna þeirra. Er hún ætluð börnum, foreldrum, kennurum, almenningi eða öllum þessum aðilum? Ræddu um hvernig gera má auglýsinguna aðlaðandi fyrir þann markhóp sem hún er ætluð.
4. Skýrðu fyrir börnunum að hver hópur eigi að velja sér hvaða réttindi hann vill auglýsa og ákveða til hvaða áhorfenda auglýsingin skal höfða. Hvettu þau til að velja þau réttindi sem þau telja brýnt að fólk viti um og þann áhorfendahóp sem þarf að fræðast um þau. Fáðu einhvern úr hverjum hópi til að segja þér hvaða réttindi urðu fyrir valinu hjá þeim og til hvaða áhorfenda þau ákváðu að höfða.
5. Þegar hóparnir hafa valið sér réttindi eiga börnin að móta sér hugmynd um hvernig best sé að auglýsa þau. Hvettu þau til að láta sér detta ýmsar leiðir í hug til að kynna réttindin (t.d. að búa til söguþráð sem þau síðan leika, lag sem þau geta sungið, teiknimyndasögu sem þau semja). Minntu þau á að þetta eigi að vera myndband fyrir sjónvarp svo að það verði að vera skemmtilegt og fjörugt, ekki bara „hausar sem tala saman“. Og það eigi ekki að vera flóknara en svo að hægt sé að sýna það á innan við þrem mínútum.
6. Gakktu á milli hópanna og fylgstu með hvernig þeim gengur. Þegar hver hópur er búinn semja auglýsinguna sína á hann að gefa henni nafn og æfa sig í að flytja hana.
7. Þegar allir hóparnir hafa lokið störfum skaltu kalla þá saman svo að þeir geti kynnt hugmyndir sínar og fengið viðbrögð frá hinum. Segðu þeim að hver hópur þurfi að gera grein fyrir þeim réttindum sem um ræðir, markhópnum og hugmyndum sínum. Þau mega líka leika auglýsinguna ef þau eru tilbúin til þess. Eftir hverja kynningu skaltu fá fram tillögur og viðbrögð með því að spyrja spurninga á borð við:



- a. Mun þessi hugmynd höfða til viðkomandi markhóps?
  - b. Kemur hún þeim réttindum sem um er að ræða vel til skila?
  - c. Hvað finnst ykkur um þessa hugmynd?
  - d. Er eitthvað sem betur má fara?
8. Gefðu hópunum tíma til að laga auglýsingarnar sínar og æfa sig.
9. Segðu síðan hópunum að þeir eigi að kynna auglýsingarnar sínar og áætlanir hver fyrir öðrum.

### Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við:
  - a. Var einhver hluti verkefnisins erfiðari en annar? Skemmtilegri?
  - b. Urðuð þið einhvers vísari um hvernig auglýsingar eru gerðar?
  - c. Var erfiðara að hugsa myndrænt en að nota bara orð?
  - d. Var erfitt að finna út hvernig best væri að ná til tiltekinna áhorfenda?
  - e. Eru auglýsingar alltaf jákvæðar? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
  - f. Hvað lærðuð þið af söguþræðinum hjá hinum?
  - g. Mun þetta verkefni breyta sýn ykkar á auglýsingar?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
  - a. Hvers vegna valdi hópurinn ykkar þessi tilteknu réttindi?
  - b. Hvers vegna völduð þið þennan tiltekna markhóp?
  - c. Hvers konar viðbrögð haldið þið að auglýsingin ykkar vekji?
  - d. Er sjónvarpsauglýsing góð leið til að koma upplýsingum um mannréttindi áleiðis til fólks? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
  - e. Var getið um önnur réttindi í auglýsingunni ykkar en þau sem fjallað var um?
  - f. Geta réttindi verið alveg afmörkuð eða tengjast þau ávallt öðrum réttindum?
  - g. Detta ykkur einhver réttindi í hug sem erfitt væri að auglýsa eða kynna?
  - h. Var einhver staðalmynd meðal þeirra persóna sem þið notuðuð? Ef svo er, hefur það þá neikvæð áhrif? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
  - i. Hvers vegna er fólki mikilvægt að vita hver réttindi þess eru?
  - j. Hver þarf að fræðast um mannréttindi barna?

### Tillögur um framhald

- Útskýrðu fyrir börnunum að í mörgum auglýsingaherferðum séu notaðar sjónvarpsauglýsingar ásamt auglýsingum í prentmiðlum, svo sem tímaritum eða dagblöðum, eða á veggspjöldum í söluturnum, strætisvögnum og á öðrum opinberum stöðum. Byrjaðu á að biðja börnin að fletta blöðum eða svipast um eftir auglýsingum sem þau eru hrifin af og ræða um hvað geri þær aðlaðandi. Segðu þeim svo að búa til tvívíða, grafísku auglýsingu um tiltekin réttindi. Þessar grafísku auglýsingar er einnig hægt að búa til í tölvu ef slíkur búnaður er tiltækur. Haltu síðan sýningu á þessum auglýsingum í skólanum þeirra eða félagsmiðstöðinni.
- Bentu börnunum á að oft sé einhver frægur talsmaður fenginn til að taka þátt í auglýsingaherferðum. Spyrðu þau hvort þau þekki dæmi um slíkt. Hvern myndu þau vilja kynna og/eða fá til þátttöku í auglýsingunni sinni? Hvers vegna væri sá aðili viðeigandi fyrir þau réttindi eða þann markhóp sem þau völdu?
- Ræddu um það við börnin hvernig væri að búa til lengri sögu um mannréttindi og taka hana upp á myndband.



- Að hvaða leyti væri það öðruvísi en að gera auglýsingu?
- Hvaða atriði myndu þá skipta mestu máli (t.d. að sagan sé góð góð; praktísk atriði eins og kostnaður; boðskapurinn)?
- Hvaða atriði væru mikilvægust við gerð slíks myndbands (þyrfti t.d. að fá fleiri til að leika í því en börnin í hópnum, mikið af leikmunum og búningum, áhættuatriði)?

### Hugmyndir um aðgerðir

- Taka ætti auglýsingarnar upp á upptökuvél, ef hægt er. Ef til vill er hægt að fá tæknilega aðstoð við ljós- og hljóðvinnslu og fá lánaðan búnað í félagsmiðstöðvum eða í kvikmyndaskólum. Hægt er að læra margt af slíku, jafnvel þótt útkoman verði ekkert sérstök.
- Ef ekki er hægt að búa til myndband væri hægt að leika sögurnar eins og verið væri að kvikmynda þær. Hægt væri að fræða önnur börn eða foreldra og ættingja um mannréttindi á líflegan hátt með svona auglýsingum.
- Hvertu börnin til að gagnrýna auglýsingar sem þau sjá í sjónvarpinu.
  - Hvers vegna er verið að sýna þær í sjónvarpi?
  - Hver er markhópurinn?
  - Hver er boðskapurinn?
  - Hvernig er ætlast til að áhorfendur bregðist við?

### Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Þetta er flókið verkefni þar sem börnin þurfa ef til vill að sýna nýja hæfileika, t.d. skrifa samtöl eða semja lög, búa til frásögn. Leiðbeinandinn þarf að fylgjast vel með framvindunni og hjálpa börnunum að halda sig við efnið.
- Sumir hópanna eru fljótari að fara í gegnum þetta ferli en aðrir. Þegar einhver hópur hefur lokið einum verkþætti skaltu leiðbeina honum yfir í næsta skref. Gefðu börnunum nægan tíma til að æfa sig og laga hlutina samkvæmt ábendingum sem þau fá.
- Notaðu verkefnið til að hvetja til gagnrýnnar hugsunar um auglýsingar og hvaða tilgangi þær þjóna.
- Notaðu verkefnið til að æfa börnin í að gagnrýna aðra á uppbyggilegan hátt og bregðast sjálf við slíkri gagnrýni.

### Breyting

Þetta verkefni krefst þess að börnin þekki til almennra mannréttinda, einkum þó til Barnasáttmálans. Hægt væri að hefja það með stuttum hugarflugsfundi um mannréttindi til að komast að því hve mikið börnin vita um mannréttindi. Ef þau þurfa betri undirstöðuþekkingu til að verkefnið komi þeim að gagni skaltu byrja á einfaldara verkefni, t.d. „Borðspili“, bls. 62. Til að kynna börnunum Barnasáttmálann gætirðu einnig látið hvert þeirra fá eina grein til að myndskreyta, láta þau svo lesa greinina upphátt og lýsa myndinni sinni.

